



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 21. mars 2024 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Byggingarlóðir í Faxabóli

Rætt er um að hafa samband við hönnuð sem gæti gert grófa teikningu að hesthúsum á óbyggðum byggingarlóðum í Faxabóli. Var slíkt kannað fyrir um ári síðan sem ekkert kom út úr og er ætlun stjórnar að kanna þetta aftur. Framkvæmdastjóri fær heimild til að ræða við hönnuð og kynnið kostnað fyrir stjórn.

2. Kennsluhöll norðan núverandi reiðhallar í Víðidal

Fáki hefur borist erindi frá hópi félagsmanna um aðkomu þeirra að byggingu kennslureiðhallar norðan núverandi reiðhallar. Um væri að ræða 40x40 metra hús og hafa þeir kynnt grófa kostnaðaráætlun að byggingu hússins. Slíkt hús yrði bylting í kennslu þar sem hægt væri að skipta húsin niður í tvö 40x20 metra kennslurými. Þá myndi húsið einnig stórbæta upphitunaraðstöðu keppenda á mótum.

Stjórn mun ræða nánar við hópinn og afla frekari upplýsinga varðandi fyrirkomulag uppbyggingar.

3. Fundur með borgarstjóra

Formaður á fund með borgarstjóra, Einari Þorsteinssyni, 6. apríl þar sem hann mun ræða við hann um þau verkefni sem snerta Fák og Reykjavíkurborg varðandi til dæmis uppbyggingu á félagssvæðinu.

4. Umgengni á félagssvæði

Borist hafa athugasemdir um umgengni á félagssvæði bæði í Víðidal og í Almannadal. Í einhverjum tilvikum hafa hesthús sankað að sér dóti og drasli nágrönnum og þeim sem fara um svæðið til ama.

Hvetur stjórn hesthúseigendur að huga að sínu nánasta umhverfi og hafa snyrtilegt í kringum sig.

5. Umsjónaraðili salarleigu

Umsjónaraðili útleigu félagsheimilis og veislusals hefur ákveðið að hætta vegna anna í sinni föstu vinnu. Pakkar stjórn samstarfið á undanförunum árum.

Framkvæmdastjóra er falið að auglýsa eftir umsjónaraðila til að bóka salina og sjá um ræstingar á eignum félagsins.



6. Almennadalur

Fyrir rúmlega ári síðan sendi lögfræðistofan Juris fyrir hönd stjórnar Fáks bréf til borgarráðs Reykjavíkur varðandi málefni Almennadals. Ekki hafa borist nein viðbrögð við bréfinu og hefur Juris nú sent ítrekunarbréf.

7. Íslandsmót 2024

Eins og kom fram í síðustu fundargerð hafa áhugasamir aðilar haft samband við Fák um að halda Íslandsmót dagana 25.-28. júlí í sumar. Viðræður hafa staðið yfir og er hópurinn skipaður reynslumiklum einstaklingum í mótahaldi sem eru Fákshóparmenn í bland við aðra reynslumikla einstaklinga úr öðrum félögum. Hefur hópurinn skilað inn fjárhagsáætlun um rekstur mótsins.

Miðað við framangreindar forsendur og að fjárhagsáætlun standist samþykkir stjórn Fáks að hópurinn fái að halda Íslandsmót á félagssvæði Fáks í Víðidal.

Fundi slitið 18:15.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason